

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í þéttbýli Langanesbyggðar.

1. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund í þéttbýli í Langanesbyggð, sbr. 19. gr samþykktar nr. 181/2011, skal vera kr. 11.768. Innifalið í leyfisgjaldi er hundahreinsunargjald, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött í þéttbýli í Langanesbyggð, sbr. 19. gr. samþykktar nr. 181/2011, skal vera kr. 9.153. Innifalið í leyfisgjaldi er kattahreinsunargjald, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

3. gr.

Við upphafsskráningu hunds/kattar skal liggja fyrir vottorð frá dýralækni um örmerkingu viðkomandi dýrs. Kostnaður af örmerki greiðist af eiganda dýrsins.

4. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykktum um hunda- og kattahald í Langanesbyggð þ.m.t. óheimilli lausagöngu, handsömun, vörslu og skilum dýranna eða aflifun.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal leyfishafi greiða gjald fyrir handsömun skv. samþykktum um hunda- og kattahald í Langanesbyggð.

Fyrir fyrsta skipti	kr.	19.613
Fyrir annað skipti	kr.	26.149
Fyrir þriðja skipti	kr.	32.688

Að auki skal greiða kr. 3.920 fyrir hvern byrjaðan sólahring sem hundur eða köttur hefur verið í vörslu. Miðast greiðsla vegna föngunar við fjölda skipta sem dýrið er fangað á 12 mánaðar tímabili. Ef til aflifunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflifunarkostnað.

5. gr.

Með vísan til 15. gr. í samþykkt um hunda- og kattahald nr. 181/2011 greiða eigendur hunda og katta á lögbýlum ekki leyfisgjald heldur einungis útlagðan kostnað við ormahreinsun.

6. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti nr. 941/2002. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með vísan til heimilda í samþykkt um hunda- og kattahald í Langanesbyggð nr. 181/2011 og samkvæmt 57. og 58. gr reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002. Gjaldskráin gildir frá og með 1. janúar 2023. Jafnframt fellur brott gjaldskrá nr. 1551/2020.

Samþykkt í sveitarstjórn, 15. desember 2022.

Björn S. Lárusson sveitarstjóri.